



Framkvæmda- fréttir

6. tbl. /08



Hafravatnsvegur (431), gatnamót við Krikahverfi. Verktaki: Ásberg ehf. Myndin er tekin 3. mars.

Vegagerð á Íslandi

Skrifað undir samning um ritun sögu

Vegagerðin hefur samið við Svein Þórðarson sagnfræðing um ritun á sögu vegagerðar á Íslandi. Sveinn hefur skrifað nokkrar sagnfræðibækur en þær sem standa þessu verkefni næst eru „Brýr að baki, brýr á Íslandi í 1100 ár“ (útg. 2006). og „Frumherjar í verkfræði á Íslandi“ (útg. 2002). Verkfræðingafélag Íslands gaf út báðar þessar bækur.

Verklök eru áætluð 1. október 2010 en sú áætlun verður endurskoðuð árlega, eftir því sem verkinu vindur fram. Skipuð verður ritnefnd sem skal verða Sveini til ráðgjafar við verkið.

Eftirfarandi er greinargerð Sveins um verkefnið sem er fylgiskjal með samningi.

Um sögu vegagerðar

Verkefnið

Saga skipulegrar vegagerðar á Íslandi er ekki löng í árum talið, spannar einungis um hálfu aðra öld. Henni hefur verið gerð skil í stuttu máli í ýmsum greinaskrifum. Þau skrif

og lagafrumvörp ásamt greinargerðum, lög og reglugerðir, gömul blöð og ýmis rit eru gagnlegar og aðgengilegar heimildir um þá sögu. En mikið af alls kyns frumgögnum hefur rekið á fjörur undirritaðs á Þjóðskjalasafni, frá íslensku stjórnardeildinni í Kaupmannahöfn, frá embætti verkfræðings landsins, frá embætti landshöfðingja og frá annari skrifstofu stjórnarráðsins. Þau þyrfti að skoða frekar og setja í samhengi við aðrar heimildir en slíkt gæti tekið nokkurn tíma. Önnur og nýleg gögn eru væntanlega aðgengileg hjá Vegagerðinni. En spyrja má einnig hvort ekki væri ástæða til að leita fanga hjá þeim sem unnið hafa við vegagerð.

Umfang

Viðfangsefnið tekur ekki aðeins til vegagerðar sem slíkrar, þ.e. hvenær hún hófst og hvers vegna, hvernig hún hefur breyst, hvernig staðið hefur verið að verki, hvernig vinnubrögð hafa breyst og hvaða tækni hefur verið beitt heldur tekur það líka til þeirrar þjóðfélagsbyltingar sem vegagerð hefur í för með sér.

Vegagerð og sú umbylting sem orðið hefur á Íslandi síðustu tvö hundruð árin fara saman enda eru greiðfærir vegir ein

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 6. tbl. 16. árg. nr. 491 10. mars 2008

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsfrankvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Frá vinstri: Sveinn Þórðarson sagnfræðingur, Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri, Hreinn Haraldsson formaður ritnefndar..

aðalforsenda þeirra breytinga sem blasa við. Hér skal drepið á nokkur atriði sem hljóta að fléttast inn í þá sögu.

Fyrst er að nefna breytingar á verslunarháttum. Vegir teygðu sig út frá verslunarstöðum en sjálfsþurftarbúskapur til sveita leið ekki undir lok fyrr en sveitirnar komust í akvegasamband við kauptún og kaupstaði.

Búin sjálf gátu ekki heldur breyst að neinu marki fyrr en vagnfært var um landið. Í því sambandi má minna á húsakost til sveita. Það var ekki tiltökumál að flytja þann litla borðvið sem þurfti til hýsa torfbæ. Öðru máli gegndi þegar reisa átti

heilu húsin úr timbri og bárujárni, að ekki sé minnst á hlöður. Slíkt varð ekki gert átakalaust fyrr en komnir voru vegir. Sama átti við um flutning á afurðum bænda í kaupstað, t.d. frá rjómabúum.

Tímafrekt var að ferðast um langan veg og það var alls ekki auðvelt að rata í veglausu landi, einkum á heiðavegum, jafnvel þó að vörður væru á stöku stað. Búferlaflutningar voru enn fremur erfiðleikum bundnir. Þeir tóku ekki aðeins langan tíma heldur var algengt að fólk þyrfti að selja allar eigur sínar á uppboði því að ekki kom til greina að flytja búslóðir langar leiðir í veglausu landi. Í þessum efnum varð ekki veruleg breyting á fyrr en ný flutningatæki, fyrst og fremst bílar, komu til sögunnar. Þeir mótuðu einnig vegagerð og þróun vegakerfisins meira en nokkur nýjung önnur enda hafa flutningar smám saman flust af sjó á land upp sem kunnugt er.

Timarammi

Hversu langan tíma það tekur að skrifa verk af þessu tagi ræðst einkum af þrennu: Í fyrsta lagi af því hversu skýr markmiðin eru í upphafi. Í öðru lagi af því hversu ýtarlegt verkið á að vera. Í þriðja lagi af því hvernig til tekst við öflun heimilda. Hér gæti verið um þriggja til fjögurra ára verkefni að ræða. Er þá miðað við bók sem væri um 300 til 400 textasíður. Þá eru ótaldar myndasíður. Ekki er gefið að fleiri textasíður breyti mjög miklu um tímann sem skrifa taka.

Hafnarfirði 13. sept. 2006 Sveinn Þórðarson

Héðinsfjarðargöng

Gröftur Héðinsfjarðarganga frá Siglufirði gekk bærilega í viku 8 en þá voru sprengdir 53 m. Ólafsfjarðarmegin voru sprengdir 22 m en þar var einnig unnið við bergþéttningar auk þess sem unnið var við bergstyrkingar í snúningsútskoti

Gröftur gekk einnig bærilega í viku 9. Siglufjarðarmegin voru sprengdir 54 m og er lengd ganga þeim megin frá um 3.485 m. Nú eru einungis um 157 m eftir út til Héðinsfjarðar frá Siglufirði. Ólafsfjarðarmegin voru sprengdir 51 m og er lengd ganga þeim megin frá um 2.604 m.

Samtals er því búið að sprengja 6.089 m eða um 57,6% af heildarlengd.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 3. mars. 2008. Búið er að sprengja 3.485 m í Siglufirði og 2.604 m í Ólafsfirði.

Viðurkenning Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja

Yfirstjórn Vegagerðarinnar hefur gefið út orðsendingu sem varðar viðurkenningu stofnunarinnar fyrir gerð og frágang vegamannvirkja. Þessi viðurkenning hefur verið veitt áður í tvígang, þ.e. fyrir tímabilið 1999-2001, verkið Vatnaleið, verktaki Suðurverk hf. og fyrir tímabilið 2002-2004, verkið Norðausturvegur á Tjörnesi, verktaki Ístak hf.

Nú verður þetta gert í þriðja sinn og miðað við verk sem lokið var við 2005-2007.

Hér á eftir fer orðsendingin sem lýsir verklagi við þetta val.

Orðsending nr. 4/2008

um reglur um viðurkenningu Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja

Eftirfarandi reglur gilda um viðurkenningu Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja.

Tilgangur

Að efla vitund um útlit og frágang mannvirkja meðal starfsmanna og verktaka Vegagerðarinnar og stuðla að umræðu þar um. Að vitna um ákveðinn vilja yfirstjórnarinnar á þessu sviði.

Rammi

Til álita koma fullgerð umferðarmannvirki og landmótunarverkefni sem lokið hefir verið við á árunum 2005-2007. Líta ber á þetta verkefni sem tilraunaverkefni sem verði í áframhaldandi þróun á næstu árum.

Tilnefningar

Hver umhverfisnefnd tilnefnir 2 – 3 mannvirki úr sínum landshluta (Suðurland, Suðvesturland, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra og Austurland) í samráði við yfirmann svæðisstöðvar. Við valið skal taka tillit til frágangs, útlits og aðlögunar að umhverfi eins og við getur átt í hverju tilviki. Tilnefningum með rökstuðningi varðandi frágang, útlit og aðlögun að umhverfi eins og við getur átt í hverju tilviki skal skila til vegamálastjóra fyrir 1. apríl 2008.

Dómnefnd

Vegamálastjóri skipar dómnefnd og skulu þar sitja menn með þekkingu á landmótun og hönnun umferðarmannvirkja.

Mat mannvirkja

Dómnefnd skal hefja störf þegar tilnefningar hafa borist og meta tilnefnd mannvirki, velja þrjú til fimm bestu og velja eitt þeirra til viðurkenningar. Við matið skal taka tillit til frágangs, útlits og aðlögunar að umhverfi eins og við getur átt í hverju tilviki. Niðurstöður dómnefndar skulu birtar í Framkvæmdafréttum.

Viðurkenning

Veitt verði viðurkenning fyrir besta mannvirkið sem komi fram á viðurkenningarskjali sem hengt er upp á viðkomandi svæðisstöð og lýsi gerð mannvirkis og geti þeirra er einkum komu að gerð þess. Verktaka verði einnig veitt viðurkenning.

Kostnaður

Allur kostnaður vegna tilnefninga í landshluta greiðist af Vegagerðinni á viðkomandi svæði. Vegamálastjóri ákveður meðferð kostnaðar dómnefndar með tilliti til skipunar hennar.

Skýrslugerð

Í árslok 2008 skal áætla- og umhverfiseild skila yfirstjórn skýrslu um framkvæmd verkefnisins það ár með tillögum um hvort og hvernig því verði haldið áfram á næstu árum.



Viðurkenning Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja, tímabilið 1999-2001, Vatnaleið, verktaki Suðurverk hf.



Viðurkenning Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja, tímabilið 2002-2004, Norðausturvegur á Tjörnesi, verktaki Ístak hf.



Samtals er búið að sprengja 6.089 m sem er 57,6% af heildarlengd.




Leirársveitarvegur (504), Leirá – Svínadalsvegur

Hér í opnunni eru birtar niðurstöður útboðs vegagerðar á Leirársveitarvegi (504). Verkið felst að mestu í endurbyggingu Leirársveitarvegjar á kaflanum frá Leirá að Svínadalsvegi (502). Lengd útboðskaflans (Leirársveitarvegur) er 4,5 km frá st. 2200 að st. 6700. Verkið felur einnig í sér aðlögun Svínadalsvegjar (502) á 140 m kafla að nýjum vegamótum við Leirársveitarveg og breyting safnvegjar að Efra-Skarði á 300 m kafla. Leggja skal reiðstíg á 3,9 km kafla við hlið Leirársveitarvegjar.

Leirársveitarvegur (504) á þessum kafla verður vegtegund C2, heildarbreidd 6,5 m. Vegurinn verður með 6,3 m breiðu bundnu slitlagi og 0,1 m breiðum malaröxlum.

Framkvæmdasvæðið nær frá kirkjustaðnum Leirá í vestri og austur fyrir vegamót Leirársveitarvegjar (504) og Svínadalsvegjar (502), auk breytinga á vegamótum þeirra vega. Veglínan fylgir að mestu núverandi vegi nema þar sem krappar beygjur eru lagfærðar, og ræsi og brýr endurnýjaðar, með nýjum ræsum. Framkvæmdasvæðið einkennist af mýrlendi, klapparholtum og túnnum sem hafa verið ræktuð á framræstum mýrum milli lágra klappahryggja.

Gerð fyllinga á sigsvæðum skal lokið fyrir 15. júlí 2008. Lagningu klæðingar skal lokið fyrir 15. september 2008. Verki skal að fullu lokið 15. október 2008.





Niðurstöður útboða

Leirársveitarvegur (504),

Leirá – Svínadalssvegur 07-010

Tilboð opnuð 26. febrúar 2008. Lögn Leirársveitarvegur á 4,5 km kafla frá Leirá að Svínadalssvegi. Vegurinn skal vera 6,5 m breiður með bundnu slitlagi.

Helstu magnþölur eru:

Skering samtals	22.000 m ³
- þar af bergskering	10.000 m ³
Fylling	27.700 m ³
- þar af unnið efni	7.700 m ³
Fláafleygar	10.700 m ³
Neðra burðarlag	13.800 m ³
Efra burðarlag	4.100 m ³
Malarslitlag	151 m ³
Tvöföld klæðing	29.100 m ²
Frágangur fláa	46.500 m ²
Ræsalögn	297 m
Bitavegríð	168 m
Reiðstígur	3.900 m
Röfvörn	100 m
Uppsetning girðinga	4.400 m

Verki skal að fullu lokið fyrir 15. október 2008. Lögn slitlags skal lokið 15. september 2008.

Framkvæmdir í Borgarnesi

Þar sem verið er að gera endurbætur á Hringveginum þar sem hann liggur í gegnum Borgarnes er vegurinn lokaður en vel merktar hjáleiðir hafa verið opnaðar. Framkvæmdirnar munu standa í um það bil þrjá mánuði en hluti vegarins verður þó opnaður fyrr. Veginum var lokað 26. febrúar.

Fyrir þá sem koma að sunnan, á norðurleið, er búið að loka Hringvegi við tengingu að Hyrnu og er nú farin hjáleið sem liggur til hægri framhjá Olís og kemur aftur inn á Hringveg neðan Vírnets. Þeir sem koma að norðan þurfa nú að beyja til vinstri inn á hjáleið neðan Vírnets.

Búið er að loka fyrir tengingu frá Hyrnu og inn á Borgarbraut þannig að aðkoma er frá Brúartorgi.

Framkvæmdir eru vel merktar og einnig hjáleiðir.

Framkvæmdir þarna munu standa yfir í um það bil þrjá mánuði en reiknað er með að hluti af vegi verði opnaður fyrir umferð fyrr.

Vegfarendur eru beðnir að sýna aðgát og tillitsemi.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
6	Jörvi ehf., Hvanneyri	97.902.520	109,9	13.373
5	Snókur verktakar ehf., Vogatungu	95.059.000	106,7	10.529
5	Fínafl ehf., Mosfellsbæ	91.441.500	102,6	6.912
4	Þróttur ehf., Akranesi	90.924.400	102,0	6.394
---	Áætlaður verktakakostnaður	89.103.000	100,0	4.573
2	Sigurjón Hjartarson, Selfossi	86.136.000	96,7	1.606
1	Borgarverk ehf., Borgarnesi	84.530.000	94,9	0





Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaæildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
08-062 Kjósarskarðsvegur (48), Meðalfellsvegur - Þingvallavegur	08
08-060 Arnarnesvegur (411), Rjúpnavegur - Fífuhammsvegur, hönnun	08
08-059 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Breiðholtsbraut, hönnun	08
08-058 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík	08
08-057 Suðurstrandarvegur (427), Sláttudalur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit	08
08-056 Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit	08
08-015 Strandavegur (643) í Bjarnarfirði	08
08-033 Hringvegur (1) um Hornafjarðarfliót	08
08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Minna Hof	08
08-054 Hringvegur (1), Norðlingavað - Nesbraut	08
08-052 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	08
08-032 Bræðratunguvegur (359) um Hvítá	08
08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Svínvetningabraut	08
08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland	08
08-023 Vestfjarðavegur (60) um Hjarðardalsá	08
08-055 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg	08
08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður	08
08-021 Vestfjarðavegur (60), Gufudalssveit	08

Fyrirhuguð útboð, framhald

Auglýst:

08-042 Breikkun Hringvegur (1) á Norðvestursvæði 2008-2009, 1. áfangi	08
08-036 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfskáli - Sláttudalur	08
08-051 Keflavíkurvegur (424), Reykjanesbraut - Njarðarbraut	08
08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði	08
08-031 Fjallabaksleið nyrðri (F208) og Sprengisandsleið (F26)	08
08-016 Hringvegur (1) um Blönduós	08
08-046 Vetrarþjónusta Norðvestursvæði, Bíldudalur - Brjánslækur 2008-2011	08
08-030 Yfirlagnir Suðursvæði 2008, malbik	08
08-040 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, malbik	08
08-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði 2008	08
08-050 Grassláttur á Suðvestursvæði 2008-2010	08
08-045 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2008-2009, vesturhluti	08
08-044 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2008-2009, norðurhluti	08
08-049 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, malbik	08
08-039 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, norðurhluti, klæðing	08
08-029 Efnisvinnsla Suðursvæði 2008	08
08-048 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, „repave“	08
08-038 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, austurhluti, klæðing	08
08-019 Vestfjarðavegur (60) um Tunguá	08
08-043 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2008-2009	08
08-028 Mýrdalsjökulsvegur (222), Skálavegur (246), Skógar að byggðasafni (2288)	08

Vegstikur sem spelkur

Á dögnum voru starfsmenn Vegagerðarinnar í Vík á skyndihjálparnámskeiði þar sem þeim var sýnt nýstárlegt notagildi á vegstikum komi menn að umferðaróhappi úti á vegum,

Skyndihjálparleiðbeinandi frá Rauða krossinum, Vigdís Arnardóttir, var að tala um hvað væri hægt að nota sem spelkur úti á víðavangi og þá benti hún á að á öllum vegum væru kantstikur og þær væru alveg frábærar til að nota við spelkun á brotum. Þær væru léttar, mjúkar og íhvolfar þannig að þær meiða ekki sjúklinginn og svo er hægt að stilla á þeim

Verksamningur vegna Reykjanesbrautar

Vegagerðin og Eykt ehf skrifuðu undir samning 29. febrúar þess að efnis að Eykt ljúki smíði brúa vegna mislægra gatnamóta á Reykjanesbrautinni.

Verkið mun hefjast um miðjan mars. Tvær brýr eru eftir á þeim níu km kafla sem bíður tvöföldunar. Brýrnar eru við mislæg gatnamót við Stapahverfi og Njarðvík. Reiknað er með að fyrri brúarsmíðinni ljúki 5. júlí og þeirri seinni í september/október. Eykt tekur einnig að sér frágang þeirra brúa sem þegar er búið að steypa upp. Samningurinn hljóðar upp á ríflega 81 milljón króna.

Aðrir þættir verksins, jarðvinna og lagning bundins slitlags verða boðnir út á næstunni.

lengdina með því að nota tvær stikur sem eru límdar saman með límbandi og svo settar á sjúklinginn.

Það eina sem leiðbeinandi kvartaði yfir með stikurnar var að það gæti verið svo erfitt að ná þeim upp úr stikufótunum. Sérstaklega á þetta við ef að stikurnar eru nýjar. Svo brýndi hún fyrir fólki að ef að þyrfti að nota svona stiku þá væri það sjálfsögð kurteisi að tilkynna um notkunina á stikunum til Vegagerðarinnar eftir að búið væri að koma sjúklingnum til læknis.

Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri gegnir störfum til 1. maí.

Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri hafði áætlað að láta af störfum 1. mars en þá lauk fimm ára ráðningartímabili



hans sem vegamálastjóra. Samgöngu-ráðherra óskaði eftir því við Jón að hann gegni áfram störfum og hefur Jón samþykkt að vera til 1. maí. Ástæðan mun vera stjórnsýsluúttekt ríkisendurskoðunar á Vegagerðinni en niðurstöður hennar eru væntanlegar. Ekki var talið heimilt að setja annan í starfið án auglýsingar.

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
08-047 Vetrarþjónusta Suðvestursvæði 2008-2013	08
08-037 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2008-2009, norðurhluti	08
08-027 Búrfellsvegur (351), Biskupstungnabraut - Hæðarendi	08
08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður	08
08-011 Kísilvegur (87) á Hólasandi	08
08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka	08
08-009 Hófaskarðsleið, Raufarhafnartenging	08
08-008 Hringvegur (1), breikkun í Öxnadal	08
08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsendi - Illugastaðir	08
08-006 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Unaós	08
08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá	08
08-004 Dagverðareyraryvegur (816), Hringvegur - Skjaldarvík	08
08-003 Knarrarbergsvegur (8490), Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur	08
08-002 Hörgárdalsvegur (815), Skriða - Björg	08
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Sláttudalur - Þorlákshafnarvegur	08
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	08
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	08
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	08
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	08

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:	
07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur	08	
07-086 Strandavegur (643), Djúpvegur - Drangsnisvegur	08	
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	08	
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	08	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
08-053 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg	10.03.08	15.04.08
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur	11.02.08	26.02.08
08-041 Yfirborðsmerkingar, vegmálun 2008-2010	04.02.08	19.02.08
07-091 Auðsholtsvegur (340) um Syðra Langholt	04.02.08	19.02.08
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - Norður-Bár	28.01.08	12.02.08
08-001 Hringvegur (1), brú á Rangá hjá Flúðum	28.01.08	19.02.08
07-085 Óshlíðargöng, eftirlit	26.11.07	15.01.08
07-062 Óshlíðargöng	07.08.07	22.01.08
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
Ekki hefur verið samið um nein verk frá því síðasta tölublað kom út.		

Auglýsingar útboða

Reykjavík, 21. febrúar 2008

Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg 08-053

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð mismálgra gatnamóta á Reykjanesbraut (41) við Vífilsstaðaveg.

Gera skal brú á mismálgrum gatnamótum, á mótum Reykjanesbrautar og Vífilsstaðavegar. Breyta skal legu núverandi Vífilsstaðavegar og gera tvö hringtorg, sitt hvoru megin við Reykjanesbraut og tengja hringtorgin við Reykjanesbraut með gerð fjögurra af/fráreina. Auk þess skal gera stálbogagöng undir Vífilsstaðaveg vestan gatnamótanna. Einnig skal leggja gangstíga, steypa stoðveggi og tröppur, leggja nýjar lagnir og breyta eldri lögnum ásamt nauðsynlegri landmótun til að ljúka verkinu.

Helstu magnþölur eru:

Skering í laus jarðlög	83.000 m ³
Bergskering	2.550 m ³
Fyllingarefni úr námum.	54.100 m ³
Neðra burðarlag.	15.000 m ³
Efra burðarlag	3.300 m ³
Regnvatnsræsi	1.900 m
Tvöfalt malbik	12.000 m ²
Kantsteinn	2.500 m
Mótafletir.	3.140 m ²
Steypustyrktarstál	159.000 kg
Steinsteypa.	1.460 m ³
Stálvirki	1.400 kg
Eftirspennt járnalögn.	38.000 kg
Stálpípur (Ø900 – Ø400 – Ø250)	532 m

Gatnamótin skulu vera tilbúin til notkunar 1. nóvember 2008. Verkinu öllu skal að fullu lokið 10. júlí 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 10. mars 2008. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 15. apríl 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Ályktun Umferðarráðs um merkingar vegavinnusvæða

Umferðarráð hvetur veghaldara og verktaka við framkvæmdir á götum, vegum og gangstígum fyrir almenna umferð í þéttbýli og dreifbýli til að tryggja að ýrustu merkingar og öryggisráðstafanir séu alltaf viðhafðar á framkvæmdasvæðum. Því miður er alltof algengt að ekki sé farið að lögum og reglum um merkingar og umferðarstýringu á vegavinnusvæðum. Ábyrgð veghaldara og verktaka er mikil varðandi það að koma í veg fyrir slys á fólki og munatjón.

Nauðsynlegt er að góð umferðarmerki og skilti séu til staðar, sem gefa skýrt til kynna með góðum fyrirvara hvað er framundan og hvernig beri að aka. Tryggja skal örugga lýsingu og blikkandi aðvörunarljós eru mikilvæg. Ávallt skal halda umferðarmerkjum og endurskini hreinu. Villandi yfirborðsmerkingar ber að afmá og setja nýjar þar sem það á við. Leiðarsteina og vegrið þarf að setja niður til að aðgreina akstursstefnur og á akbrautarbrúnum til að draga úr slyshættu. Nauðsynlegt er að endurskin sé á leiðarsteinum og vegriðum.

Tryggja þarf að vegfarendum og starfsmönnum á framkvæmdasvæðum sé ekki hættu búin þar sem vegavinna fer fram eða ef vegi er raskað.

Mikilvægt er að reglur um merkingar vegavinnusvæða og eftirlit með framkvæmd þeirra verði skerptar hið allra fyrsta.

Lög, reglugerðir og vinnureglur sem varða merkingu vinnusvæða og vegskemmda:

Umferðarlög 83/97.

Kaflí XI. Hindrun á vegi. 77. gr. Óhreinkun vegar o.fl.

Kaflí XII. Umferðarstjórn, umferðarmerki o.fl. 79., 80., 81., 82., 84., 85., 86. og 87. gr.

Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra (Stj.tíð. B. Nr. 289/1995).

Merking vinnusvæða. Bæklingur Vegagerðarinnar í samstarfi við lögreglu og Gatnamálastofu Reykjavíkurborgar (2004).



Hér á síðunni er auglýst útboð mismálgra gatnamóta Reykjanesbrautar og Vífilsstaðavegar. Í 5. tbl. var grein um þessi gatnamót og þá birtist mynd af útliti brúar í stórum dráttum á forsíðu. Hér er mynd sem sýnir endanlegt útlit. Mynd: Úti og inni.